

Rektor setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 286. fundar**

0909008

Rektor fór yfir athugasemdir sem Þóroddur Bjarnason gerði við drög að fundargerð. Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

Varðandi lið nr. 6 á dagskrá 286. fundar, formfesta rafrænna kennsluáætlana, kom Þóroddur með fyrirspurn um það hvort kennurum væri heimilt að skila kennsluáætlunum í pdf formi á vormisseri 2010. Rektor sagði það vera heimilt svo lengi sem það kæmi heim og saman við reglur um vinnuferli við innleiðingu rafrænna kennsluáætlana sem samþykktar hafa verið. Hann sagði að á vormisseri 2010 yrði haldið áfram innleiðingu og fundnar lausnir á vandamálum ef upp koma.

**2. Rekstraryfirlit janúar-nóvember**

0901015

Úlfar lagði fram og skýrði út yfirlitið. Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er 1.324.076 mkr. eða 90.68% af áætlun, viðmiðið er 91.66%. Um er að ræða brúttótölur og á eftir að færa tekjur á móti nokkrum kostnaðarliðum. Úlfar gerði grein fyrir helstu frávikum. Allt útliti er fyrir að reksturinn verði í samræmi við áætlun í lok árs og að afgangur verði af rekstrinum þriðja árið í röð.


Rekstrarafgangur fer í að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára við ríkissjóð. Skuldin nam í árslok 2008 101,7 milljónum kr.

Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 170.601 mkr. Þar á einnig eftir að færa tekjur á móti. Heildarniðurstaðan verður að öllum líkindum innan áætlunar í árslok.

Rektor þakkaði Úlfari fyrir.

**3. Fjárhagsáætlun HA 2010**

0910672

  
Handwritten signatures and initials, including 'P. Sk', 'AB', 'SOS', and a large signature.

Rekstraráætlun HA lá fyrir eins og samþykkt var að leggja hana fram á fundi framkvæmdastjórnar 17. desember sl. Heildarvelta er áætluð 1.413.000.000 kr. og er gert ráð fyrir tekjuafgangi sem nemur 10.538.271 kr.

Rektor greindi frá að frá því á haustmánuðum hefur staðið yfir vinna við að finna leiðir til sparnaðar í rekstri í samráði við starfsfólk háskólans. Tvö megin sjónarmið eru: að standa vörð um störf við háskólann, og að halda námsframboði eins óbreyttu og mögulegt er. Í beinu framhaldi af vinnu við rekstraráætlun 2010 er vinna að kennsluskrá háskólans 2010-2011 sem á að vera tilbúin 1. mars nk.

Ólafur gerði grein fyrir efni rekstraráætlunarinnar. Sparnaður nemur 100 mkr. milli ára 2009 og 2010. Hann næst með því að auglýsa ekki rannsóknamissari á haustmíssi 2010 (50 mkr.), með launalækkunum (30 mkr.) og með breytingum í stoðþjónustu (20 mkr.).

Úlfar greindi nánar frá verðlagsforsendum rekstraráætlunarinnar. Skýrði hann m.a. frá því hvernig kostnaður við rekstur kennsludeilda er áætlaður út frá reiknilíkani.


Póroddur lýsti óánægju sinni með það að háskólaráðsfundi hefði ítrekað verið frestað. Taldi hann að háskólaráði hefði ekki gefist tækifæri til að ræða stefnumótun í niðurskurði næsta árs og að rekstraráætlun væri nú lögð fram til samþykktar eða synjunar á síðustu dögum ársins. Hann benti á að fyrirhugaður niðurskurður á árinu 2010 fælist að mestu í niðurfellingu rannsóknamissara og aukinni kennsluskyldu kennara á kostnað rannsókna. Með þessu væri verið að rýra rannsóknir við HA umtalsvert og skapa hættu á frekari niðurskurði á fjárveitingum til skólans í framtíðinni. Hann taldi að fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir hærra framlagi til rannsókna en fram kæmi í rekstraráætlun skólans. Mjög óráðlegt væri að halda námframboði að mestu óbreyttu en skerða rannsóknir við skólann með þessum hætti.

Úlfar sagði að samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneytinu væri ekki fyllilega að marka skiptingu milli kennslu og rannsókna í fjárlagafrumvarpinu. Þannig væri innifalið í rannsóknafjárveitingunni ýmislegt annað en rannsóknakostnaður.

Kristín tók undir það sjónarmið að óæskilegt væri að draga úr rannsóknnum við háskólann og benti á nauðsyn þess að hefja sem fyrst vinnu við stefnumótun sem m.a. fæli í sér framtíðarsýn hvað varðar rannsóknir.

Rektor sagði að upphaflega hefði háskólaráðsfundurinn verið áætlaður eftir miðjan desember en honum verið flýtt. En þar sem dregist hefði að ganga frá tillögu að samkomulagi við FHA og prófessora hefði þurft að fresta fundinum, þar eð slíkt samkomulag hefði verið talið forsenda rekstraráætlunarinnar. Minnti rektor á að víðtækt samstarf hefði verið við starfsfólk HA varðandi hvernig niðurskurður fyrir árið 2010 færi fram. Einnig að unnin hefði verið undirbúningsvinna að stefnumótun á haustmísserinu en stefnt að því að ljúka þeirri vinnu vormíssið 2010. Rektor greindi frá því að stefnan sé að taka upp rannsóknamissari á ný árið 2011, með nýjum úthlutunarreglum.

Rektor gerði síðan grein fyrir tillögu að samkomulagi milli Félags háskólakennara á Akureyri og HA um launalækkanir til tveggja ára. Í tillögunni er fylgt hugmyndum sem komið hafa frá stjórn FHA. Félagsmenn FHA samþykktu samkomulagið fyrir sitt leyti með atkvæðagreiðslu 15. des. sl. Samþykktin muni

The bottom of the page features several handwritten signatures and initials. From left to right, there is a large signature that appears to be 'PB', followed by the word 'sars' written in a cursive script. To the right of 'sars' are several smaller initials, including a circled 'B', and a signature that looks like 'A. J.'. On the far right, there is a signature that appears to be 'F. Sk' with a horizontal line underneath it.

gilda einnig varðandi stundakennara, félagsmenn SFR og prófessora ef samningar við þá nást.

Umræða varð um mismunandi leiðir til að draga úr launakostnaði.

Þóroddur gerði þá athugasemd við áður nefnt samkomulag að hann teldi að það fæli í sér meiri kjaraskerðingu fyrir aðjúnkta og stundakennara en aðra. Taldi hann það ósanngjarnt m.t.t. þess að í þessum hópi er meirihlutinn konur og einnig með hliðsjón af því að laun þessa hóps eru þegar hlutfallslega lág.

Rektor sagði tillöguna komna frá FHA og að hann treysti þeim til að gæta hagsmuna félagsmanna sinna. Hann sagði einnig frá að samkomulag við starfsfólk HA í SFR væri fyrir hendi. Rætt hefur verið við Félag prófessora við ríkisháskóla, sem í eru um 10% starfsmanna HA, um sambærilegar launalækkanir, en samkomulag liggur enn ekki fyrir.

Voru fulltrúar í háskólaráði sammála um mikilvægi þess að ljúka málinu með áframhaldandi samráði við starfsmenn. Helga Hlín lýsti þeirri skoðun sinni að háskólanum bæri að leita lausna til skamms tíma í þeim erfiðu aðstæðum sem nú ríkja. Benti hún á að prófessorar sem væri launahæsti hópurinn væru þeir einu sem ekki hefðu enn viljað samþykkja tillögu FHA og þar væri meiri hlutinn karlar.

Rektor bar upp tillögu að bókun:

„Háskólaráð samþykkir að ganga að tillögu samstarfsnefndar FHA/HA varðandi þá starfsmenn sem tilheyra FHA. SFR verði boðið sambærilegt fyrirkomulag Háskólaráð fer þess á leit að starfsmenn sem tilheyra Félagi prófessora taki á sig sambærilega launaskerðingu. Yfirstjórn HA er falið að vinna að samkomulagi við prófessora um hvernig launaskerðingin verði framkvæmd. Markvisst er stefnt að því að rannsóknamisseri verði tekin upp árið 2011 og fundin leið til að fjármagna þau með skipulagsbreytingum.

Þess verði gætt að taka sérstaklega tillit til þeirra sem lægst hafa launin og minnt á það markmið að verja störfin við skólann.“

Tillagan var borin upp. Sex samþykktu hana. Þóroddur Bjarnason greiddi atkvæði á móti.

Rektor bar upp til samþykktar Rekstraáætlun HA 2010. Sex samþykktu, Þóroddur Bjarnason greiddi atkvæði á móti.

#### 4. Álit vísindanefndar opinberra háskóla

1001003

Rektor fór yfir álitid sem er dagsett 18. desember 2009. Í álitinu er lagt til að nýjar matsreglur sem lagðar hafi verið fram gildi fyrir ríkisháskólana fjóra og að reglurnar taki gildi frá og með næstu áramótum. Taldi hann tilkomu vísindanefndar mikilvægt skref í átt að samræmdu matskerfi fyrir akademíska starfsmenn opinberra háskóla.

Rektor bar upp álitid og var það samþykkt einróma.

#### 5. Reglur um námsmat, erindi frá heilbrigðisvísindasviði

0912022

Rektor gerði grein fyrir ósk heilbrigðisvísindasviðs um viðbætur við reglur um námsmat nr. 885/2009, byggðar á 1. gr., þess efnis að einkunnir fyrir

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, the initials 'SBS' in the center, and another signature on the right with 'Fsk.' written above it.

námskeiðshluta þar sem margir námsmatsþættir mynda lokaeinkunn gildi í tvö skólaár enda hafi ekki orðið breyting á námskeiðinu á þeim tíma. Einnig að nemandi sé heimilt að þreyta próf næsta skólaár á eftir ef sérstakar ástæður hafa hamlað honum að nýta rétt sinn til að taka próf tvisvar í námskeiði á sama skólaári.

Háskólaráð samþykkti það einróma.

6. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Rektor þakkaði fulltrúum í háskólaráði fyrir gott samstarf á árinu og óskaði þeim gleðilegra jóla. Næsti fundur er áætlaður 29. janúar 2010.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15.



Jóna Jónsdóttir

Steinbjörn Þ. Sk.

